

Námsvísir 2024 - 2025

8. bekkur

Námshættir: Upplýsingatækni

Kennari: Steinunn Alva Lárusdóttir



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

### Markmið

Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskólanna eru sett fram í fimm flokkum. Vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun, siðferði og öryggismál.

Unnið er eftir þessum hæfniviðmiðum sem tilgreind eru í aðalnámskránni:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-26>

Meginmarkmið vetrarins er að nemendur fái dýpri þjálfun í notkun ýmissa forrita í office (word, excel powerpoint og outlook). Einnig verður mikil áhersla lögð á stafræna borgaravitund og hvernig við höfum okkur sem einstaklingar á net- og samfélagsmiðlum. Skoðað hvaða upplýsingum er hægt að treysta á netinu og hvernig við öflum okkur réttmætra heimilda t.d. við ritgerðavinnu.

Hugtakið “stafræn borgaravitund” byggir á að nemendur öðlist þekkingu og færni sem þarf til að geta sýnt ábyrga hegðun þegar notast er við tækni eða stafræna miðla almennt og í námi.

### Kennsluáferð / vinnulag

Innlagnir í byrjun tíma þar sem farið er yfir verkefni kennslustundar. Kennari oft með sýnikennslu og aðstoðar nemendur hvernig hin ýmsu forrit virka ásamt því að vera með umræður um hegðun og umgengni við internetið á fjölbreyttan hátt.

### Námsmat

Vinna í tímum ásamt verkefnaskilum jafnt og þétt yfir veturinn. Lokamat að vori.

### Námshættir

Tölvur og tölvuforrit eins og:

Canva, <https://www.canva.com/>

Office word, excel, power point og outlook, <https://www.office.com/>

Stafræn borgaravitund, t.d.: <https://spjaldtolvur.kopavogur.is/stafræn-borgaravitund-kennsluhugmyndir/>

Ýmsar kynningar á snjalltækjum og öðrum verkefnum frá kennara.